

AUGLÝSING um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Funatröð 2, 4 og 6, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 18. febrúar 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Funatröð 2, 4 og 6.

Funatröð 6 stækkar en Funatröð 4 færir og Funatröð 2 minnkar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalsbraut 32, 34 og 36, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 3. mars 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Dalsbraut 32, 34 og 36.

Byggingarmagn á lóð er aukið um 106 m² og íbúðum fjölgað úr 11 í 15 á hvert hús.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hólamið 26, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 17. mars 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hólamið 26.

Byggingarreitur er stækkaður um 2 m til suðurs og 2 m til norðurs. Nýtingarhlutfall verður 0,41.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. mars 2020.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2020